

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1996

Nr. 590

1502

25. nóvember 1996

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á grunnslóð milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1996 til og með 31. mars 1997 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°04,70 N – 19°21,00 V
2. 66°12,00 N – 19°13,00 V
3. 66°16,50 N – 18°53,50 V
4. 66°16,50 N – 18°42,00 V
5. 66°10,50 N – 18°34,00 V
6. 66°07,20 N – 18°36,50 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. nóvember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.